



Notast verður við Canvas Light vefinn til utanumhalds

## Leiðtogi framtíðarinnar er teymið

Á námskeiðinu verður fjallað um hlutverk stjórnenda sem faglegra leiðtoga í innleiðingu „Látum draumana rætast“ og „Betri borg fyrir börn“ sem innleitt verður í öllum borgarhlutum næstu áramót. Markmið námskeiðsins er að efla og skapa vettvang til samstarfs í borgarhlutum og þróa verkfæri sem efla stjórnendur í að takast á við nýjar áskoranir. Námskeiðið er samstarf Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og var þróað með hliðsjón af vegvísi fyrir stjórnendur sem mótaður var á grunni þátta sem stjórnendur SFS telja einkenna farsælan stjórnanda. Námskeiðið byggir einnig á niðurstöðum skýrslu starfshóps um faglega stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi. Kjarnalotur námskeiðsins eru fjórar en fimmta lotan byggir á vali milli ólíkra efnisþátta.

[Skráning hér](#)

### MARKHÓPUR

Stjórnendur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar

### KENNSLUÁÆTLUN (birt með fyrirvara um breytingar)

Námskeiðið er kennt skólaárið 2021-2022 í 5 lotum, hver borgarhluti er **annað hvort fyrri eða seinni dag** hverrar lotu. Á fyrsta námskeiði verður starfsfólk úr **Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum** (kennt í Hagaskóla) og **Laugardal, Háaleiti og Bústöðum** (kennt í Réttarholtsskóla)

- 1. lota **28. október/1. nóvember** kl. 14-16:30
- 2. lota **29. nóvember/2. desember** kl. 14-16:30
- 3. lota **31. janúar/3. febrúar** kl. 14-16:30
- 4. og 5. lota tímasetning óákveðin



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**